

## **Evrópusamtökin**

### Fundur í utanríkismálanefnd Alþingis 8. júní 2009 - minnisblað

Evrópusamtökin þakka það tækifæri sem þeim gefst til þess að senda fulltrúa á fund utanríkismálanefndar að þessu sinni. Þau vísa til fræðsluefnis frá samtökunum sem sent hefur verið nefndinni og þau lýsa sig reiðubúin til frekari gagnaöflunar eftir því sem óskað verður eftir. Óþarft er að taka fram að samtökin eru einróma hlynnt því að sótt verði um aðild að ESB og telja þau að Íslendingar eigi sem fyrst að taka sér enn nánari stöðu með þeim Evrópuríkjum sem sambandið mynda. Samtökin telja aðildina að Evrópska efnahagssvæðinu hafa skilað Íslendingum miklum ávinningi, en að á skorti, að þeir hafi nú nægileg áhrif á mótun þeirrar sameiginlegu löggjafar, sem aðildinni fylgir. Þá skorti á að rödd Íslands heyrst í valdamiklum stofnunum Evrópusambandsins þegar fjallað er um mikilvæg málefni er varða álfuna alla.

Evrópusamtökin leggja áherslu á, að einungis aðildarviðræður myndu leiða í ljós hvaða kostir væru í boði. Nánari umfjöllun um niðurstöðu viðræðnanna myndu síðan auðvelda þjóðinni töku ákvörðunar um aðild í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu, sem sérstaklega yrði efnt til. Jákvæð niðurstaða í atkvæðagreiðslu um aðild myndi kalla á breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins og ætti að fjalla um tímasetningu slíkrar breytingar í því ferli sem nú fer fram.

Í þetta sinn viljum við nota tækifærið og minnst stuttlega á meðferð aðildarumsóknar Íslands, ef af verður, hjá þeim ríkjum sem þegar eru aðilar að sambandinu.

Í bók Auðuns Arnórssonar – „Inni eða úti?“ (Arnórsson, 2009)<sup>1</sup> er ágætlega gerð grein fyrir kaflaskiptingu samningaviðræðna og því ferli sem ný aðildarumsókn myndi fá. Í bókinni er gert ráð fyrir að aðildarviðræðum yrði skipt í 35 kafla og er í stuttu máli gerð grein fyrir hvaða kaflar teldust auðafgreiddir og hvar yrði e.t.v. þyngra undir fæti. Er tekið undir þær skoðanir sem fram koma hjá höfundu í því efni.

En það sem ekki kemur þar fram, er frásögn af verklaginu sem fylgt var við aðildarsamninga EFTA-ríkjanna Austurríkis, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Mikið verk hafði þá verið unnið í

---

<sup>1</sup> Inni eða úti. Höfundur Auðunn Arnórsson. Útg. Alþjóðamálastofnun HÍ 2009

Samningaviðræðum um stofnun Evrópska efnahagsvæðisins og í eftirfarandi aðlögun landsréttar ríkjanna að regluverki Evrópusambandsins.

Eftirlitsstofnun EFTA hafði yfirumsjón með því verki og fór starfslið hennar yfir allar breytingar á landsrétti einstakra ríkja. Voru upplýsingar um slíkarbreytingar jafnóðum metnar og vegnar af starfsliði ESA og síðan færðar inn í gagnagrunn stofnunarinnar í svokallaða AIDA-skrá. Hefur skráin síðan verið reglulega uppfærð og geymir hún því nákvæmar upplýsingar um stöðu aðlögunar viðeigandi landslöggjafar EES-EFTA ríkjanna, þ.e. Íslands, Noregs og Liechtenstein, að rétti ESB. Evrópusambandið heldur samsvarandi skrá yfir stöðu mála í aðildarríkjum sínum.

Reglulega eru birtar upplýsingar um stöðu aðlögunar ESB-réttar að landsrétti einstakra EES-ríkja og má segja að nokkur samkeppni sé ríkjandi í því skyni að komast hjá „tossasæti“ í því efni. Hafa Noregur, Ísland og Liechtenstein yfirleitt komið vel út úr þeim samanburði en talið er að EFTA-EES ríkin hafi nú aðlagð landsrétt sinn að 70% löggjafar ESB, þegar ýmiss konar skammtímagerðir eru undanskildar.

Þegar aðildarsamningarnir sem vitnað er til fóru fram, varð að samkomulagi við upphaf þeirra, að í stað þess að samningamenn þyrftu að fara ítarlega yfir stöðu aðlögunar ESB í hverju tilviki yrði byggt á niðurstöðum ESA hvað það snertir. Viðræðunum var þá eins og síðar skipt í allmarga kafla. Þegar þeir áttu sér samsvörun í EES-samningunum útbjó starfslið ESA sérstaka möppu með útskrift af AIDA-skránni og kom þar fram staða aðlögunar að viðkomandi gerðum í umsóknarríkjunum. Mappan var síðan fengin samningamönnum EFTA-ríkjanna, sem lögðu hana fram á næsta samningafundi. Vissulega voru á þessum tíma nokkur göt í aðlögun landsréttar EFTA-EES ríkjanna og gat það kallað á umfjöllun um málið á samningafundum, en upp í slík göt hefur nú verið stoppað. Sárafá göt í aðlögun EFTA-EES-ríkjanna eru nú til meðferðar á hverjum tíma hjá ESA.

Síðan EFTA ríkin fjögur gengu í Evrópusambandið hefur aðildarríkjum þess fjölgað í 27 með nálægt 500 milljónum íbúa samtals. Hvert aðildarríki fjallar um hvern einstakan kafla aðildarviðræðna við umsóknarríki og geta þá komið upp ýmsar athugasemdir og spurningar ríkjanna sem svara þarf og kanna nánar. Því er ljóst að aðildarviðræður verða stöðugt umfangsmeiri eftir því sem aðildarríkjunum fjölgar. Það reynir mikið á utanríkisþjónustu og embættismenn umsóknarríkisins og ekki veitir af bandamönnum í hópi aðildarríkjanna við mat á ýmsum athugasemdum sem upp kynnu að koma. En tilvísun til þess verklags sem að framan getur mun vissulega geta flýtt samningaviðræðunum verulega og mætti m.a. afgreiða fleiri en einn kafla samtímis.

Það er mjög mikilvægt að tímaplan samningaviðræðnanna sé skynsamlega gert og að forysturíki ESB sem tekur við aðildarumsókn mæli sterklega með henni við hin aðildarríkin. Þá væri æskilegt að umsókn Íslands væri með tilvísun til EES-aðildar Íslands tekin fram fyrir þær umsóknir sem nú

eru til umfjöllunar hjá ríkjum ESB. Þess vegna væri ákjósanlegt að aðildarumsókn sé sett fram á næsta forystutímabili Svía innan ESB, en það hefist um næstu mánaðarmót og stendur á síðari helmingi þessa árs. Utanríkisráðherra Svía, Carl Bildt, hefur nýverið lýst yfir veltilla sínum gagnvart aðildarumsókn frá Íslendingum.

*Þórnir Friðfinnsson*